18. gr.

1. Samningur þessi skal staðfestur svo sem löggjöf hvors samningsaðila kveður á um.

2. Samningur þessi tekur gildi innan 60 daga frá því að skipst hefur verið á orðsendingum þar sem því er lýst yfir að ófrávíkjanleg skilyrði fyrir gildistöku samningsins hafi verið uppfyllt svo sem löggjöf hvors samningsaðila kveður á um.

19. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn. Hvor samningsaðili um sig getur sagt honum upp með tilkynningu og fellur hann þá úr gildi einu ári síðar.

GJÖRT í Varsjá hinn 24. október í tveimur eintökum á íslensku, pólsku og ensku og teljast allir textarnir jafngildir. Rísi ágreiningur um túlkun samnings þessa skal farið eftir enska textanum.

Fyrir ríkisstjórn
lýðveldisins Íslands
Þorsteinn Geirsson

Fyrir ríkisstjórn
Pólska alþýðulýðveldisins
E. Dostojewski

Article 18

1. The present Agreement is subject to approval according to the law of each of the Contracting Parties.

2. The present Agreement will come into force within 60 days of the exchange of notes stating that the prerequisites indispensable for bringing the Agreement into effect have been fulfilled in accordance with the internal law of each of the Contracting Parties.

Article 19

This Agreement is concluded for an indefinite period of time. It may be denounced in the form of a notification by each of the Contracting Parties, whereupon it will expire after a period of one year.

Done at Warsaw on the 24th of October, in duplicate in the Icelandic, Polish and English languages, each text being equally authentic. In the event of differences in the interpretation of this Agreement, the English text shall prevail.

For the Government
of the Republic of Iceland
Þorsteinn Geirsson

For the Government
of the Polish People's Republic
E. Dostojewski

Nr. 21. 29. desember 1980.

AUGLÝSING

um samstarfssamning við Evrópumiðstöð fyrir meðallangdrægar veðurspár.

Með orðsendingaskiptum dagsettum 20. nóvember 1980 var gengið frá samstarfssamningi milli Íslands og Evrópumiðstöðvar fyrir meðallangdrægar veðurspár. Samkomulagið tók gildi 1. desember 1980.

Orðsendingaskiptin eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. desember 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

a. Bréf til utanríkisráðherra frá forstjóra Evrópumiðstöðvar fyrir meðallangdrægar veðurspár.

Shinfield Park, Reading
20. nóvember 1980

Hr. utanríkisráðherra Ólafur Jóhannesson
Utanríkisráðuneytið
Reykjavík
Ísland

Hr. utanríkisráðherra.

Með vísun til heimildar í 3. gr. samnings um stofnun Evrópumiðstöðvar fyrir meðallangdrægar veðurspár (hér á eftir nefndur „samningurinn"),

Með tilliti til þess að ríkisstjórn Íslands óskar að stofna til samvinnu við Evrópumiðstöðina fyrir meðallangdrægar veðurspár (hér á eftir nefnd „miðstöðin") í samræmi við alþjóðaheföir á sviði veðurfræði,

Með það í huga að mjög náið samband er milli Íslands og vissra aðildarríkja miðstöðvarinnar,

Með tilliti til hinnar sérstöku landfræðilegu stöðu Íslands í veðurstöðvakerfi Vestur Evrópu,

Með tilliti til þess að vegna þessara sérstöku aðstæðna geti samstarfssamningur við Ísland ekki verið fordæmi að neinum samstarfssamningi í framtíðinni,

Samþykkir miðstöðin, sem undantekningu, að gera samstarfssamning við ríkisstjórn Íslands sem hljóðar svo:

1. gr.

Ísland skal samþykkja markmið miðstöðvarinnar eins og þau eru skilgreind í 2. gr. samningsins, enda sammála tilgangi miðstöðvarinnar eins og hann er settur fram í samningnum. Sérstaklega skal Ísland láta miðstöðinni í té eftir þörfum allar veðurathuganir sem gerðar eru eða safnað er saman af ríkisstofnunum eða ríkisfyrirtækjum.

2. gr.

Íslandi skal látið í té endurgjaldslaust og til eigin þarfa í sambandi við veðurspár leyfi sem ekki eru einkaleyfi og önnur réttindi til notkunar sem ekki eru einkaréttindi varðandi einkaleyfisrétt, tölvu-

a. Letter to the Minister for Foreign Affairs from the Director of the European Centre for Medium Range Weather Forecasts

Shinfield Park, Reading
20 November 1980

His Excellency Mr. Olafur Johannesson
Ministry for Foreign Affairs of Iceland
Reykjavik
Iceland

Your Excellency,

As provided for by Article 3 of the Convention establishing the European Centre for Medium Range Weather Forecasts (hereinafter referred to as the Convention),

Considering that the Government of Iceland wishes in accordance with international meteorological traditions to co-operate with the European Centre for Medium Range Weather Forecasts (hereinafter referred to as the Centre),

Recognising the extremely close relationship which exists between Iceland and certain Member States of the Centre,

Noting the unique geographical position occupied by Iceland in the meteorological network of Western Europe,

Noting that, in view of these special considerations, a Co-operation Agreement with Iceland cannot constitute a precedent for any future Co-operation Agreement,

The Centre agrees, exceptionally, to conclude a Co-operation Agreement with the Government of Iceland in the following terms:

Article 1

Being in full agreement with the goals of the Centre as defined in the Convention, Iceland shall concur with the objectives of the Centre as described in Article 2 of the Convention. Iceland shall, in particular, make available to the Centre all meteorological observations made or collected by Government agencies or institutions, as required.

Article 2

Iceland shall be granted, free of charge, for its own requirements in the field of weather forecasting, a non-exclusive licence and any other non-exclusive rights of use in respect of industrial

forskriftir og tækniupplýsingar sem leiða af störfum unnum samkvæmt samningnum og eru eign miðstöðvarinnar.

3. gr.

Verði ekki samkomulag um annað milli aðila er óheimilt að láta þriðja aðila (ríkisstjórn sem ekki er aðili að miðstöðinni eða einkaaðila) í té eða selja í gróðaskyni gögn sem fengin eru frá miðstöðinni samkvæmt samningi þessum. Bein og óbein notkun gagna sem fengin eru frá miðstöðinni samkvæmt samningi þessum skal á engan hátt vera á ábyrgð miðstöðvarinnar.

4. gr.

Ísland hefur rétt til að fá endurgjaldslaust alla framleiðslu miðstöðvarinnar.

5. gr.

Miðstöðin tekur ekki á sig nein útgjöld vegna afhendingar veðurgagna sinna til Íslands eða til að koma á fót eða halda við fjarskiptasambandi milli miðstöðvarinnar og Íslands.

6. gr.

Ísland skal hafa aðgang að þjálfunaraðstöðu miðstöðvarinnar með sömu skilyrðum og gilda fyrir aðildarríki miðstöðvarinnar. Miðstöðin tekur ekki á sig nein útgjöld vegna ferða- og dvalarkostnaðar nemenda frá Íslandi.

7. gr.

Miðstöðin veitir Íslandi ekki endurgjaldslaust not af tölvukerfi sínu. Ísland skal greiða fyrir not af tölvukerfinu samkvæmt gjaldskrá sem um verður samið milli Íslands og forstjóra miðstöðvarinnar.

8. gr.

Fari Ísland fram á sérstaka þjónustu sem ekki er gert ráð fyrir í samningi þessum skulu Ísland og miðstöðin gera með sér viðbótarsamning um framkvæmdaskilmála og skilyrði, hugsanlegt framlag Íslands og þóknun fyrir veitta þjónustu.

9. gr.

Íslandi skal boðið að hafa áheyrnarfulltrúa á

property rights, computer programs and technological information which result from work carried out pursuant to the Convention and which belong to the Centre.

Article 3

Unless otherwise agreed between the parties, the products received from the Centre under the terms of this Agreement may not be communicated to third parties (non-member Governments or private entities), nor sold for commercial purposes. The application and utilisation of the products received from the Centre under the terms of this Agreement shall in no way engage the responsibility of the Centre.

Article 4

Iceland shall be entitled to receive all operational products of the Centre, free of charge.

Article 5

The Centre shall not incur any expenses in connection with the submission of its meteorological products to Iceland or with the establishment or maintenance of the telecommunication system between the Centre and Iceland.

Article 6

Iceland shall have access to the training facilities of the Centre under the same selection procedure as applies to the Member States of the Centre. The Centre shall not incur any expenses in relation to the travel and subsistence costs of trainees from Iceland.

Article 7

The Centre shall not provide any free time for the use of its computer system by Iceland. Iceland shall pay for time used on the computer system at a rate to be negotiated between Iceland and the Director of the Centre.

Article 8

In the event of Iceland requesting special services not provided for in this Agreement, Iceland and the Centre shall enter into an additional agreement which shall lay down the terms and conditions of implementation, the nature of any possible Icelandic contribution and the remuneration for the services rendered.

Article 9

Iceland shall be invited to be represented at

fundum ráðs miðstöðvarinnar og ráðgjafanefndar hennar um tæknimál.

10. gr.

Fjárframlag Íslands til miðstöðvarinnar skal vera helmingur þess framlags sem Ísland hefði orðið að greiða skv. 13. gr. samningsins sem aðili að miðstöðinni.

11. gr.

Fjárframlag Íslands til miðstöðvarinnar skal greitt í samræmi við 12. og 13. gr. samningsins. Helmingur ársframlags skal greiddur fyrir 20. janúar og hinn helmingurinn fyrir 1. júní viðkomandi fjárhagsárs.

12. gr

Að því er varðar hið sérstaka viðbótarframlag skv. 2. lið 3. mgr. 13. gr. samningsins skal Ísland greiða tilsvarandi gjald er nemi helmingi þess gjalds sem Ísland hefði orðið að greiða sem aðili að miðstöðinni.

13. gr.

Hið sérstaka viðbótarframlag Íslands skal greitt í tveimur hlutum, helmingurinn við gerð þessa samstarfssamnings og hinn helmingurinn á næsta fjárhagsári eftir gerð samstarfssamningsins.

14. gr.

Deilur milli aðila um túlkun eða framkvæmd ákvæða þessa samstarfssamnings eða viðbótarsamnings sem kann að verða gerður og ekki reynist unnt að leysa með beinum viðræðum skulu lagðar í gerð að beiðni annars hvors aðilans. Framkvæmd gerðarinnar skal vera í samræmi við ákvæði 17. gr. samningsins.

15. gr.

Valdi vopnaviðskipti sambandsrofi milli miðstöðvarinnar og Íslands skal hvorugur aðilinn gerður ábyrgur fyrir vanefndum skuldbindinga sinna samkvæmt samningi þessum. Ennfremur skal hvor aðili hafa rétt til að fresta framkvæmd þessa samnings með einhliða ákvörðun eða með samkomulagi við hinn aðilann.

meetings of the Council of the Centre and its Technical Advisory Commitee as an observer.

Article 10

The financial contributions of Iceland to the Centre shall be one half of the contribution that Iceland would have to pay under the provisions of Article 13 of the Convention were it a Member State.

Article 11

The financial contributions of Iceland to the Centre shall be paid in accordance with Articles 12 and 13 of the Convention. One half of the annual contribution shall be paid before 20 January and the remaining half before 1 June of the financial year concerned.

Article 12

With regard to the single additional contribution provided for by Article 13, paragraph 3, second subparagraph, of the Convention, Iceland shall pay a similar contribution which shall be one half of the amount that Iceland would have to pay were it a Member State.

Article 13

The single additional contribution from Iceland shall be paid in two instalments, one half of the contribution being paid upon conclusion of this Co-operation Agreement, and the other half in the financial year following the year in which the Agreement is concluded.

Article 14

Any dispute between the parties concerning the interpretation or the application of the provisions of this or any additional agreement subsequently entered into, which cannot be settled through direct negotiation, shall be referred to arbitration on the request of either of the parties. The arbitration procedure shall be in accordance with the provision laid down in Article 17 of the Convention.

Article 15

In the case of armed conflict resulting in the rupture of communications between the Centre and Iceland neither party shall be held responsible for failing to fulfil its obligations under this Agreement. In addition either party shall be entitled to suspend the implementation of the Agreement, by unilateral decision or by mutual agreement with the other party.

16. gr.

1. Samstarfssamningur þessi fellur úr gildi verði miðstöðin lögð niður eða samkvæmt skriflegri uppsagnaryfirlýsingu annars hvors aðilans.

2. Uppsögn tekur gildi við lok næsta fjárhagsárs eftir það ár er yfirlýsingin kom fram og skal Ísland áfram skuldbundið til fjárframlaga í samræmi við 10. og 11. gr. þessa samnings vegna allra fjárskuldbindinga sem miðstöðin hefur stofnað til fyrir uppsögnina.

Geti ríkisstjórn Íslands fallist á þessi drög að samstarfssamningi leyfi ég mér að leggja til að bréf þetta ásamt svari yðar þar að lútandi skuli gilda sem samstarfssamningur milli Evrópumiðstöðvarinnar fyrir meðallangdrægar veðurspár og ríkisstjórnar Íslands sem taki gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir dagsetningu svarbréfs yðar.

Ég votta yður, hr. utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína.

J. Labrousse
Forstjóri

Article 16

1. This Co-operation Agreement shall be terminated either by dissolution of the Centre or by denunciation in writing by either party.

2. Denunciation shall take effect at the end of the second financial year following the year during which notice is given and Iceland shall remain bound to contribute in accordance with the provisions of Articles 10 and 11 of this Agreement towards financing all commitments entered into by the Centre before such denunciation.

If this proposed Agreement is acceptable to the Government of Iceland, I have the honour to propose that this letter, together with your reply in that sense, shall constitute an Agreement between the European Centre for Medium Range Weather Forecasts and the Government of Iceland, which shall enter into force on the first day of the month following that in which your reply is dated.

Accept, Your Excellency, the assurances of my highest consideration.

J. Labrousse
Director

b. Svar utanríkisráðherra til forstjóra Evrópumiðstöðvarinnar.

Reykjavík, 20. nóvember 1980

Hr. forstjóri.

Ég leyfi mér að vísa til bréfs yðar dags. í dag sem hljóðar svo:

[*Sjá bréf hér að framan*]

Ég leyfi mér að tilkynna yður að ríkisstjórn Íslands fellst á framangreindar tillögur og samþykkir því að bréf yðar og svar þetta skoðist sem samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Evrópumiðstöðvar fyrir meðallangdrægar veðurspár.

Ég votta yður, hr. forstjóri, sérstaka virðingu mína.

Ólafur Jóhannesson
utanríkisráðherra

Hr. Jean Labrousse
Forstjóri
Evrópumiðstöð fyrir
meðallangdrægar veðurspár
Reading

b. Reply from the Minister for Foreign Affairs to the Director of the Centre

Reykjavík, 20 November 1980

Sir,

I have the honour to refer to your letter of today's date which reads as follows:

[*See letter above*]

I have the honour to inform you that the foregoing proposals are acceptable to the Government of Iceland which therefore agrees that your letter and the present reply shall constitute an Agreement between the Government of Iceland and the European Centre for Medium Range Weather Forecasts.

Accept, Sir, the assurances of my highest consideration.

Ólafur Jóhannesson
Minister for Foreign
Affairs

Mr. Jean Labrousse
Director
European Centre for Medium Range
Weather Forecasts
Reading